

Föstudaginn 28. maí 1943.

Nr. 45/1943. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn

Jóhanni Gottfred Thorarensen

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu hefur upp kveðið Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Gottfred Thorarensen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjungs- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðar 13. marz 1943.

Mál þetta er höfðað gegn Jóhanni Gottfred Thorarensen, til heimilis Túngötu 26, Siglufirði, af réttvísinnar hálfu fyrir ætlað brot á 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir ætlað brot á lögum nr. 13 frá 5. maí 1941 svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærður, Jóhann Gottfred Thorarensen, hefur náð lögaldri sakamanna, er fæddur 10. desember 1912 á Akureyri. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum: 1937 24. okt. Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1941 7. júlí. Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1942 2. okt. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi skilorðsbundið og 300 króna sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, 15. sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. gr. laga nr. 13 frá 1941.

Málavextir skulu nú raktir samkvæmt eigin játningu ákærðs og öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Aðfaranótt fimmtudags 11. marz s. l., milli kl. 11 og 12, braut ákærður upp hurð á brauðgerðarstofu verzlunar E. J. Waage, en hurð þessari var þannig læst, að hún var negld aftur að innanverðu. Húsaskipun er sú, sjá afstöðuuppdrátt, rskj. nr. 4, að í norðurhlið verzlunarhússins er brauðgerðarstofa og geymslurúm, en í suðurhliðinni er verzlunin og skrifstofa. Á milli búðarinnar og geymslurúmsins eru dyr og er hurðinni læst með krók búðarmegin. Tvennar dyr eru á skrifstofunni, aðrar fram í búðina, en hinar vita að austurenda hússins, og er engin hurð á þeim dyrum, hins vegar stendur skápur fyrir þeim. Eins og fyrr segir, sprengdi ákærður upp dyrnar að brauðgerðarstofunni, fór þar inn og eins og leið liggur í austurenda hússins, þokaði skápnum frá dyrum skrifstofunnar, fór síðan inn í skrifstofuna, færði skápinn aftur í samt lag. Fór því næst inn í búðina og lét greipar sópa. Muni þá, er hann tók úr búðinni, fór hann með yfir í brauðgerðarhúsið um dyrnar, sem eru milli búðarinnar og geymlurúmsins, og kom þeim þar fyrir, sumum í trékassa þar á gólfinu og breiddi yfir poka og fatadruslur, sumt var í vösum rykfrakka honum tilheyrandi hangandi í brauðgerðarstofunni, og nokkuð var geymt í efstu hillu á veggskáp. Þegar ákærður hafði falið munina, eins og að ofan segir, fór hann út um glugga á austurenda hússins. Til þess að geta lagfært neglinguna á hurðinni, sem hann kom inn um, svo ekki bæri á innbrotinu, fór hann út úr húsinu um gluggann.

Ákærður framvísaði mótþróalaust hinum stolnu munum, sem var ýmisskonar búðarvarningur, svo sem 3 pör skinnhanzkar, spilasett, 1 gross rakvélarblöð, 6 pör silkisokkar, vindlakassi, silkiskyrtur, 4 pör undirföt kvenna, milliskyrtla, 2 pör ullarpeysur o. fl. Útsöluverð muna þessarra nemur samtals kr. 601.15.

Á miðvikudagsmorgun 10. marz s. l. tók kærður úr brauðgerðarstofunni eggjaduft, matarlit, molasykur og þurrger og kom þessum munum fyrir sumpart í ferðatösku sinni, er var í brauðgerðarstofunni, sumpart í rúmfatapoka honum tilheyrandi, er var í bakdyragangi íbúðarhúss verzlunareiganda, en hjá honum hafði ákærður verið til húsa nokkra síðustu daga. Ákærður heldur því fram, að hann hafi verið töluvert undir áhrifum vins, er hann framdi athæfi það, er lýst er hér að framan.

Í áður nefndri ferðatösku var og sykur, alls ca. 30 lbs., sem ákærður kveðst hafa fengið að gjöf frá amerískum setuliðsmanni.

Ákærður hefur játað það, að hann hafi ætlað að vinna úr því, er hann tók úr brauðgerðarstofunni, vindlana hafi hann ætlað að rycja, en munina úr búðinni kveðst hann ekki hafa verið búinn að ákveða neitt um, þegar upp um hann komst.

Þjófnaður sá, er nú hefur verið lýst, varðar að dómi réttarins við

244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og með því að veita móttöku gjöfum frá erlendum hermanni hefur ákærður og gerzt sekur um brot á 1. gr. laga nr. 13 frá 5. maí 1941.

Refsing sú, sem ákærður hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með hliðsjón af 77. grein almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá ber og skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Jóhann Gottfreð Thorarensen, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann skal og sviptur kostningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 70/1942. **Eggert Jónsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Trolle & Rothe h/f og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Jónatan Hallvarðsson saka-
dómari í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um hæð váttryggingariðgjalds.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar 23. júní f. á., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða £246—5—0 vaxtalaust. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.